

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómsfundasviðs  
Dags. 26. maí 2017  
Mnr. 2017050109



ÍSAFJARÐARBÆR

## Tungumálatöfrar

Síðasta sumar kom hópur saman til að ræða möguleika á að halda sumarnámskeið á Ísafirði fyrir fjöltyngd börn. Fyrir hópnum hefur farið Anna Hildur Hildibrandsdóttir og sendi hún bæjarstjóra fyrir skemmstu beiðni um fjárhagsstuðning upp á kr. 150.000 til að koma verkefninu af stað.

Vilji Ísafjarðarbær samþykkja beiðnina er svigrúm hjá skólaskrifstofu til að styrkja verkefnið um þessa fjárhæð af liðnum aðkeypt þjónusta. Hér að neðan er beiðnin og nánari upplýsingar um verkefnið.

Ég skrifa þér til að láta þig vita hvar við erum stödd með sumarskólalugmyndir og spyrja þig hvort það sé hugsanlegt að bærinn eigi 150.000 krónur í fjárhagsstuðning við verkefnið?

Ég er búin að heyra frá Elvu sem sér um, List fyrir alla að það sé ólíklegt að við fáum stuðning þaðan. Sjóðurinn einbeitir sér að grunnskólunum og styður mestmegnis sýningar og verk listamanna sem þeir ferðast um landið með og flytja fyrir börn.

Það er hins vegar kominn góður grunnur fyrir því að vinna með listamönnum á Ísafirði að því að búa til dagskrá. Edinborgarhúsið ætlar að hýsa þetta og allar umsóknir í kringum þetta eru í nafni menningarfélagsins.

Ég ætla að skrifa markaðsstjóra Landsbankans á morgun og athuga hvort það sé hægt að fá stuðning frá þeim og fara svo jafnvel í víðtækara samstarf við þá ef þetta kemst á flug.

Ég talaði líka við Sigyn Blöndal hjá Stundinni okkar í dag. Hún sá þetta fyrir sér sem innskot í Krakkafréttir í öllu falli og ætlar að skoða hvort þetta myndi passa inn í Stundina líka. Hún hefur áhuga á að skoða tungumál í þessu samhengi.

Ég er líka í samtali við Kristínu Vilhjálmsdóttur sem kom vestur í fyrra og er að skoða hvort við tengjum þetta í framtíðinni við hugmynd að gagnvirku verkefni með börnum á Norðurlöndum sem við erum með í hugarflæði.

En eitt skref í einu. Okkur langar að byrja með vísi að sumarskólanum í ágúst. Helga Björt í Grunnskólanum ætlar að bera dagskrá undir rýnihóp hjá sér sem samanstendur af foreldrum barna af erlendum uppruna. Þannig ætlum við að leggja okkur fram um að koma upplýsingunum til þeirra en við munum auglýsa þetta sem opið fyrir alla.

Við erum með 3 - 4 listamenn sem koma að því að vinna dagskránnu og sjá um sumarskólann sem er helsti kostnaðurinn. Ef ég næ Landsbankanum með í þetta þá munum við leggja í einhvern kostnað við að búa til efni og miðla. En lágmarkskostnaður við að halda þetta er um 2-300.000

MH